

148. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 535 — 335. mál.
Síðari umræða.

Nefndarálit

um tillögu til þingsályktunar um staðfestingu ákvörðunar sameiginlegu
EES-nefndarinnar nr. 187/2017 um breytingu á XIX. viðauka
(Neytendavernd) við EES-samninginn.

Frá utanríkismálanefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið á sinn fund Pétur Gunnarsson frá utanríkisráðuneyti og Heimi Skarphéðinsson frá atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti.

Með tillögunni er leitað heimildar Alþingis til að staðfesta ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 187/2017, frá 22. september 2017, um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn frá 2. maí 1992, og til að fella inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302 frá 25. nóvember 2015 um pakkaferðir og samtengda ferðatilhögun og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2011/83/ESB og niðurfellingu á tilskipun ráðsins 90/314/EBE.

Sex mánaða frestur samkvæmt EES-samningnum til að aflétta stjórnskipulegum fyrirvara var veittur til 22. mars 2018. Framsetning tillögunnar telst að mati nefndarinnar í samræmi við 4. gr. reglna um þinglega meðferð EES-mála.

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/2302 er ætlað að styrkja neytendavernd með því að víkka út gildissvið gildandi löggjafar um pakkaferðir svo hún nái einnig yfir það sem kalla má samtengda ferðatilhögun. Þá mælir tilskipunin fyrir um gagnkvæma viðurkenningu tryggingakerfa. Í eldri tilskipun, sem innleidd var með lögum nr. 80/1994, um alferðir, voru innleidd mikilvæg réttindi fyrir neytendur sem keyptu sér alferð (pakkaferð). Sú neytendavernd tekur aftur á móti ekki til þeirra sem setja saman sínar eigin ferðir og er tilskipuninni ætlað að tryggja þessi réttindi.

Hvað varðar gagnkvæma viðurkenningu tryggingakerfa þá hefur tilskipunin þau áhrif að íslenskir neytendur geta nú gengið að því vísu að seljendur í öðrum ríkjum Evrópska efnahagssvæðisins sem markaðssetja sig yfir landamæri séu tryggðir á fullnægjandi hátt. Þetta kann að auka samkeppni milli seljenda yfir landamæri sem getur falist í því að ferðaþjónustufyrirtæki kjósi að flytja starfsemi sína eða höfuðstöðvar þangað sem tryggingakerfi eru hagkvæmust. Ólíklegt er að þetta komi til með að gera íslenskum fyrirtækjum erfitt fyrir.

Innleiðing tilskipunar (ESB) 2015/2302 kallar á lagabreytingar hér á landi. Lög nr. 80/1994 verða felld brott og sett ný heildarlög í staðinn. Afleidd breyting verður væntanlega einnig á lögum um skipan ferðamála, nr. 73/2005. Gert er ráð fyrir því að ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra leggi fram frumvarp til laga á yfirstandandi löggjafarþingi.

Nefndin leggur til að tillagan verði **samþykkt**.

Rósa Björk Brynjólfssdóttir og Bryndís Haraldsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 15. mars 2018.

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir,
form.

Logi Einarsson,
frsm.

Ari Trausti Guðmundsson.

Gunnar Bragi Sveinsson.

Sigríður María Egilsdóttir.

Smári McCarthy.

Stefán Vagn Stefánsson.